

EFTIRLITSSKÝRSLA

Olíudreifing Þorlákshöfn



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	3.5.2016	Fulltrúi UST	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	Olíudreifing	Fulltrúi UST	
Heimili	Hólmahlóð 8 - 10	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	6606952069	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Gestur Guðjónsson	ÍSAT nr.	63.40
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	383366,97 374634,363

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Ekki fannst frávik frá kröfum í starfsleyfi við eftirlit. Engin athugasemd var gerð við olíubirgðastöðina.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir mánaðarblöð í rekstrarhandbók stöðvarinnar, farið yfir mælingar og skráningar sem kröfur eru gerðar um. Rekstrarhandbók og skráningar á mánaðarblöð voru í góðu lagi.

Frárennsli olíuskilju í stöðinni var mælt með olíuprófi Macherey Nagel og stóðst frárennslið það próf. Mæling á olíuleifum í frárennsli frá 2015 hefur ekki fundist enn. Olíuskiljan var síðast þjónustuð (tæmd) í júní 2015.

Þrýstiprófanir lagna og botnþykktarmælingar á geymum eru í góðu lagi.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir. Viðbragðsáætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar í rekstrarhandbók voru skoðuð.

Bensín og aðrir rokgjarnir vökvar eru ekki geymdir í þessari stöð.

Gengið var um stöðina, geymar skoðaðir svo og lekavarnir (þró) og olíuskilja. Tekið var á loka í frárennsli þróar og reyndist lokinn standa lokaður eins og áskilið er. Áfyllingarplan var svo og skoðað. Mengunarvarnarþró er vaxin grasi og er því haldið snöggklipptu til að draga úr eldhættu.

Girðingar og hlið voru í lagi.

ATHUGASEMDIR

Engin athugasemd var gerð við olíubirgðastöðina.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 12.05.2016

Gottskálk Friðgeirsson